



Sálræn neyðaraðstoð

Í kjölfar þeirra erfðleika sem nú ríða yfir íslenskt þjóðfélag mun heilsugæslan í Fjarðabyggð ásamt félagsþjónustu Fjarðabyggðar og sóknarprestum bjóða þeim sem áður hafa verið viðtal, þriðjudaga og föstudaga milli kl. 15:00 og 16:00 í Safnaðarheimilinu á Reyðarfirði. Tímapantanir eru á heilsugæslustöðinni á Eskifirði. Hægt er að bringja í vaktahandi lækni utan dagvinnutíma ef á þarf að halda.



Í minningu Rögnvaldar

Á sunnudaginn verða haldnir hátíðartónleikar og dag-skrá í Kirkju- og menningarmiðstöðinni í Fjarðabyggð, á Eskifirði. Tónleikarnir eru haldnir í minningu Rögnvaldar Sigurjónssonar eins ástsæla og virt-asta píanóleikara Íslendinga. Hann fæddist á Eskifirði og hefði orðið 90 ára þann 15. október síðastliðinn.

Nánar á bls. 11

austur glugginn

Fréttablað Austfirðinga
Verð í lausasölu kr. 400
Fimmtudagur 16. október

41. tbl. - 7. árg. - 2008

Áskriftarverð kr. 1.140 á mánuði

ISSN1670-3561

Mjólfjörður
Neskaupstaður
Eskifjörður
Reyðarfjörður
Fáskrúðsfjörður
Stöðvarfjörður

**ÞÚ ERT
Á GÓÐUM
STAÐ**

FJARDABYGGÐ fjardabyggd.is

SECURITAS

Landflutningar - Samskip
Kaupvangi 25
700 Egilsstaðir
Sími 458 8800
Fax 458 8808

Opnunartími:
Mánudaga til föstudaga
frá kl. 08:00-16:00

Landflutningar
SAMSKIP



Tvö til þrjú þúsund lítrar af svartolíu láku úr einu skilrúmi tanksins niður brekkuna meðfram veginum.

Mikill viðbúnaður var á slystað. Lögregla, sjúkralið og slökkvilið voru við öllu búin.

Svartolíulækur við Hólmaháls

Oliubíll valt í Eskifirði skömmu eftir hádegi á mánudag. Tíldrög slyssins eru óljós, en starfsmenn á vettvangi töldu líklegt vera að bílstjóri bifreiðarinnar hafi blindast af sólarljósi þegar hann keyrði upp Hólmaháls. Þar er aftíðandi beygja, á bílförum mátti sjá að bílstjórinn hefði ekið beint út af veginum, í stað þess að fylgja beygjunni.

Samkvæmt upplýsingum lögreglunnar slasaðist maðurinn ekki mikið, skarst lítillega. Hann var fluttur á sjúkrahúsið í Neskaupstað til aðhlýnningar. Um tvö til þrjú þúsund lítrar af svartolíu láku úr bílnum úr einu skilrúmi tankbilsins. Ólían rann niður brekkuna meðfram veginum. Strax var hafist handa til að

ná upp olíu sem sigið hafði í jarðveg. Við það var notuð skurðgrafa og gerð jarðvegsskipti. Lögreglan lokaði veginum um Hólmaháls um tíma, en umferð var hleypt fljótlega á aftur, þar sem lítil eldhætta var fyrir hendi. Bifreiðin var fjarlægð nokkrum tímum síðar. Hún var nokkuð heilleg.

**Sjáumst í Bónus
á Egilsstöðum**

Bónus býður betur!
Sama verð um allt land!

**EKKERT
BRUÐL**



Afgreiðslutími í Bónus á Egilsstöðum

Mánudag til fimmtudags
12.00 til 18.30

**EKKERT
BRUÐL**

Föstudag 10.00 til 19.30
Laugardag 10.00 til 18.00
Sunnudag 12.00 til 18.00

ALLTAF LÆGRA VERÐ!